



Hafið er opið

á laugardögum kl. 11-15

Hlíðasmára 8 og Spönginni 13
Sími 554 7200 | við erum á [facebook](#)



19. JÚLÍ 2014 • 27. tölublað 5. árgangur

REYKJAVÍK

VIKUBLAÐ



Þessir krakkar létu til sín taka á sparkvöllinum við Fellaskóla í vikunni, ásamt knattspyrnumanninum Hermanni Hreiðarsyni. Krakkarnir eru þátttakendur í verkefninu Samspil, sem ÍTR styrkir, en auk þess hefur sjóður í nafni Hermanns látið til sín taka til að gera krökkum kleift að taka þátt í öfluglu íþróttastarfi.

Fjármálastofnanir eiga hluti í báðum stærstu fyrirtækjum í matvöru:

Ráðandi í smásöluverslun

Sjóðir í eigu og umsjón Arion banka, bankinn sjálfur og ýmsir lífeyrisjóðir- og fjármálafyrirtæki eru stórir hluthafar í tveimur verslunarfyrirtækjum sem eru samanlagt með um eða yfir 80 prósentu markaðshlutdeild í smásöluverslun á höfuðborgarsvæðinu.

Í tilviki Arion banka er um að ræða sjóð-

stýringarfyrirtækið Stefni sem er dótturfélag bankans. Stefnir stýrir sjóðunum SÍA II sem á 27 prósentu hlut í Kaupási, og sjóðunum ÍS 15 og ÍS 5 sem eiga samanlagt um 11 prósentu hlut í Högum. Þess utan á Arion banki sjálfur ríflega 4,4 prósentu hluti í Högum og óbeinan hlut í Kaupási einnig.

Lífeyrissjóðirnir Gildi, LSR og fleiri eiga einnig gilda hluti í báðum verslunarfyrirtækjunum; beint og óbeint.

Hagar reka meðal annars verslanir Bónus og Hagkaupa. Kaupás á meðal annars verslanir Krónunnar og Nóatúns. Fyrirtækin reka hátt í 60 verslanir á höfuðborgarsvæðinu. *Sjá bls. 8.*



hús & heilsa

Rannsóknir og ráðgjöf vegna raka og myglu

HVERNIG ER ÁSTANDIÐ Á ÞÍNU HEIMILI EÐA VINNUSTAÐ?



Ástandsskoðun kaup · sala
rakamæling · sýnataka · loftgæðamælingar



www.husogheilsa.is hh@husogheilsa.is 695 0525

Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

Gluggafilmur

Sand & sólarfilma

544
2030
MERKIS MENN
www.merkismenn.is

Þú færð eldsneytissparandi dekkinn frá YOKOHAMA

á dekkjahollin.is

DEKKJAHÖLLIN
REYKJAVÍK - EGILSTADUR - AÐREYRI



SAGA - FREYJA - ÞÓR - ÓÐINN

Framúrskarandi heilsudýnur á góðu verði

Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi.
Góður lágbaksstuðningur.
Mýkra og betra axlarsvæði.
Vandaðar kantstyrkingar.
Fullkomin nýting á svefnfleti



Fimm stjörnu verslun

Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

12 mán.
vaxtalaugar
greiðslur*

*3.5% lántökugjald



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

Heilsudýnur á frábæru verði
Verðdæmi á Sögu og Freyju
Með botni og fótum stgr.

Stærð
153x203
160x200
180x200
180x210

Verð
144.900 kr.
149.900 kr.
169.900 kr.
179.900 kr.

Fullkomin afneitun framsóknarforystunnar

Þorsteinn Magnússon, varaþingmaður Framsóknarflokksins, hefur sagt sig úr flokksnum, vegna kosningabaráttu Framsóknarflokksins og flugvallarvina í Reykjavík í vor. Hann segir í fréttatilkynningu sem send var fjölmiðlum í vikunni að forsendur fyrir veru sinni í Framsóknarflokksnum hafa brostið. Með umræðu um mosku og múslima hafi „annað hvort meðvitað eða ómeðvitað alið á andúð á tilteknum trúarhópi í kosningabaráttu en slíkt sáemir engan veginn síðuðu stjórn málaflí.“

Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir, oddviti flokksins í Reykjavík, vakti athygli fyrir þennan málflutning, sem sumir aðrir tóku undir, og að ræða um hættu á nauðungarhjonaböndum múslima í umræðuþætti kvöldið fyrir kosningar.

Hann segir að umræðan sem framboðið efndi til hafi verið tilefnislaus, meiðandi í garð múslima og til þess fallin að yta undir fordóma og mismunum. Hún fái með engu móti samræmst grundvallarstefnuskrá Framsóknarflokksins.

„Formaður og flest annað lykilmál í forystu Framsóknarflokksins lét hjá líða að gera opinberlega athugasemdir við framgöngu framboðsins í Reykjavík meðan á kosningabaráttunni stóð. Þá fela orð formanns flokksins



Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir Þorsteinn Magnússon

undanfarið að mínum dómi í sér fullkomna afneitun á því að nokkuð hafi verið athugavert við það hvernig kosningabaráttu framboðsins var háð. Verða orð hans vart skilin öðruvísi en hann hafi ekkert við umræddan málflutning framboðsins að athuga. Flokkurinn hefur að mínu áliti engan veginn gert málið upp með viðunandi hætti,“ segir Þorsteinn meðal annars í tilkynningunni.

Ómar Stefánsson, sem hefur setið í bæjarstjórn Kópavogs fyrir flokkinn hefur líka sagt sig úr honum vegna kosningabaráttunnar í vor. Fleiri sem gegnt hafa trúnaðarstörfum fyrir flokkinn hafa einnig sagt sig úr honum af sömu ástæðu. Þá tilkynnti einn af frambjóðendum flokksins í vor að sér líkaði ekki málflutningurinn og vildi láta fjarlægja sig af öllu kynningarefni flokksins.



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson hefur á einu ári farið í næstum jafn margar ferðir og forveri hans gerði á rúmu kjörtímabili. Bjarni Benediktsson hefur stundum hlaupið í skarðið. Mynd: Pressphotos.biz

Forsætisráðherra á ferð og flugi:

11 utanlandsferðir á rúmu ári

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson hefur farið af landi brott í ellefu skipti frá því að hann tók við embætti forsætisráðherra í fyrravor. Jóhanna Sigurðardóttir fór utan í samtals þrettán skipti meðan hún gengdi embættinu, í tæplega fjögur og hálf ár.

Ferðalög forsætisráðherra eru auglýst í Stjórnartíðindum. Tekið er fram að forsætisráðherrann sé erlendis og hver gegni starfinu meðan hann er fjarri. Ekki er getið um lengd ferða, áfanga- stað eða tilgang. Í tíð núverandi ríkisstjórnar hafa þeir Bjarni Benediktsson,

fjármála- og efnahagsráðherra, Sigmundur Ingi Jóhannsson, varaformaður Framsóknarflokksins, sjávarvegs-, landbúnaðar- og umhverfisráðherra, og Hanna Birna Kristjánsdóttir, innanríkisráðherra og varaformaður Sjálfstæðisflokksins, hlaupið í skarðið í fjarveru Sigmundar.

Það sem af er þessu ári hefur Sigmundur Davíð fjórum sinnum farið úr landi, ef marka má stjórnartíðindi, en árið er rúmlega hálfnað. Ferðirnar voru farnar í júní, apríl, og tvær ferðir í mars. Sigmundur tók við embætti for-



Jóhanna Sigurðardóttir fór 13 ferðir á rúmu fjórum árum í embætti. Mynd: Norden.org

sætisráðherra í fyrravor. Á síðari hluta ársins var hann erlendis í sjö skipti, en fyrsta ferðin var farin í júní og tvær hinar síðustu í október.

Til samanburðar fór Jóhanna Sigurðardóttir í tvær ferðir úr landi á fyrri hluta síðasta árs, en samanlagt fór hún í þrettán utanlandsferðir sem kölluðu á auglýsingu í Stjórnartíðindum, frá því að hún tók við sem forsætisráðherra í febrúar 2009. Ef marka má stjórnartíðindi, fór Jóhanna ekkert úr landi fyrsta árið sem hún gengdi embættinu, en fyrstu ferðina fór hún í september 2010.

Athugasemd frá Elínu Hirst

Elín Hirst, þingmaður Sjálfstæðisflokksins hefur sent blaðinu athugasemd vegna ummæla sem rétt voru eftir henni höfð í fréttaskýringu um lekamálið í innanríkisráðuneytinu í síðasta tölublaði, en hún taldi röng af sinni hálfu. Í stað málsgreinarinnar: „Ég tel mig ekki hafa beint umboð til að ræða þetta á þessum nótum. Ég er náttúrulega þingmaður Sjálfstæðisflokksins og hvort það er miðstjórn eða eitthvað sem ákveður þetta. Þetta er held ég ekki eitthvað innan míns valdsviðs sem þingmanns.“ Vildi Elín sagt hafa: „Það er flokksráð Sjálfstæðisflokksins hefur það hlutverk að marka stjórn málaustefnu flokksins ef ekki liggja fyrir ákvarð-



Elín Hirst

anir landsfundar. Allþingismenn eiga meðal annars sæti í flokksráði sem og miðstjórn flokksins.“

Óhugsandi að barnið fari í vændi

Ótrúlegur fjöldi þessa fólks var og er beitt ofbeldi á einhverju tímabili í lífi sínu, reynsla sem gjarna aftengir þolandann frá líkama sínum. Einhver þeirra eru að berjast við erfða fíkn. Rasismi, stéttaskipting, kvenhatur lita þennan iðnað,“ segir

Elisabet Ýr Atladóttir meðal annars í grein hér í blaðinu þar sem hún fjallar um viðhorf til vændis. „Og kynlífsiðnaðurinn gerir hvað sem er til að slá ryki í augu fólks og viðhalda blekkningarleikum þar sem hamingjusama hóran er normið, en kúgunin, fíknin

og ofbeldið eru frávikið. Og það versta er að þetta virkar. Fólk étur þetta upp í einfeltningslegri óskhyggju og klappar sér svo á bakið fyrir að vera baráttufólk fyrir frelsi til að velja. Þessu sama fólk þætti hins vegar óhugsandi að barnið þeirra stundaði vændi.“ *Sjá bls. 12.*

Snowden ekki lengur með stöðu grunaðs

Bandarísk yfirvöld sinntu ekki beiðni íslenskra yfirvalda um frekari upplýsingar vegna beiðni um framsal á uppljóstraranum Edward Snowden. Af þeim sökum

hefur málið verið látið niður falla og engin virk framsalsbeiðni á hendur Snowden er í gildi hér á landi. Þrátt fyrir að Snowden sé ekki staddur hér á landi og óvíst sé hvaða innlendu lög

hann ætti að hafa brotið með því að birta gögn frá Þjóðaröryggisstofnun Bandaríkjanna, lá framsalsbeiðni fyrir í ráðuneytinu mánuðum saman.

Sjá ítarlega fréttaskýringu á bls. 10-11.

Fengu lögfræðiálit vegna launalækkunar:

Ríkisforstjóri hélt laununum

Þáverandi forstjóri Matis hélt óbreyttum launum í níu mánuði, eftir að ákveðið var að enginn embættismaður skyldi hafa hærri laun en forsætisráðherra. Þetta kemur fram í svari sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Vilhjálms Bjarnasonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins. Svárið var birt á vef Alþingis fyrr skömmu.

Þar kemur fram að laun forstjórans námu tæplega einni komma fjórum milljónum króna á mánuði, fyrir gildistöku laganna. Kjararáð úrskurðaði síðar um laun forstjóranna og tók úrskurðurinn gildi 23. febrúar 2010. Samkvæmt því áttu laun forstjóra Matis að lækka um tæplega 461 þúsund krónur á mánuði, eða um þriðjung.

Sjófn Sigurgísladóttir hætti sem forstjóri Matis, að eigin ósk, eftir því sem fjölmiðlar greindu frá 1. desember 2010, um níu mánuðum síðar, en

Sveinn Margeirsson, núverandi forstjóri, tók við. „Laun þáverandi forstjóra Matis ohf. voru lækkuð frá og með 1. desember 2010, að loknum uppsagnarfresti samkvæmt ráðningarsamningi,“ segir meðal annars í svarinu til Vilhjálms.

Þar segir að aflað hafi verið lögfræðiálits og að stjórn Matis hafi lagt til að launalið ráðningarsamningsins yrði sagt upp og tæki uppsögnin gildi sama dag og úrskurður Kjararáðs var dagsettur.

Þar segir einnig: „Úrskurðurinn kom strax til framkvæmda. Framkvæmd lækkanar var frestað í níu mánuði, sem var uppsagnarfrestur þáverandi forstjóra, enda var það skýr ráðlegging lögmanna að haga málum með slíkum hætti.“

Már Guðmundsson seðlabankastjóri fór í mál við bankann vegna launalækkunarinnar á sínum tíma, en tapaði.



Vilhjálmur Bjarnason.

Fram hefur komið að bankinn greiddi málskostnað Más vegna þessa, um sjö milljónir króna.

Óvíst er hver kostnaður Matis hefur verið vegna þessarar tilhögunar en ætla má að hann hafi ekki verið undir fjórum milljónum króna.

ÓTRAUÐUR ÁFRAM MEÐ OLÍU FRÁ COMMA 25% afsláttur*

*TILBOÐ GILDIR MEÐAN BIRGDIR ENDAST

5 LÍTRAR
TransFlow SD 15W-40 3.490 kr.
TransFlow ML 10W-30 3.490 kr.

20 LÍTRAR
TransFlow SD 15W-40 11.900 kr.
TransFlow ML 10W-30 12.900 kr.

205 LÍTRAR
TransFlow SD 15W-40 109.900 kr. með vsk.

REYKJAVÍK, Bildshöfða 9
KÓPAVOGUR, Smiðjuvegi 4a, græn gata
HAFNARFJÖRÐUR, Dalshrauni 17
REYKJANESBÆR, Krossmóa 4, SELFOSS, Hrísmýri 7
AKUREYRI, Furuvöllum 15, EGILSSTAÐIR, Lyngás 13
www.bilanaust.is | Sími: 535 9000

Bilanaust
Gæði, reynsla og gott verð!

Allt fyrir baðherbergið

Á MÚRBÚÐARVERÐI

CERAVID

 Þýsk gæði

3-6 lítra
hnappur

Hæglökandi seta



CERAVID SETT
WC - kassi, hnappur
og hæglökandi seta.
Þýsk gæðavara
41.990



Skál:
„Scandinavia
design“

BOZZ sturtuklefi

80x80cm

43.900

Fást einnig í 90x90cm á
kr. 45.900. Einnig eru
til rúnnaðir 90x90 klefar
á kr. 45.900

Sturtustöng og -brúsa
fylgja.



11.990

AGI-167 hitastýrð
blöndunartæki fyrir sturtu
fánleg með upp stút.

Rósetturog hjámiðjur
fylgja.

Vatnslás og botnventill frá
McAlpine seldur sér á kr. 1.290

GUOREN

Guoren hitastýrð blöndunartæki

LÁTUM FAGMENN
VINNA VERKIN



EN 1111:1997

LÆKKUM
VERÐIÐ Á
BYGGINGA-
VÖRUM



Guoren TLY Sturtuset
kr. **47.990**

Málm handföng. Rósettur
og hjámiðjur fylgja.



Guoren 4F Hitastýrt
baðtæki Exclusive
kr. **19.990**

CE



Guoren 1L Hitastýrt
baðtæki standard
kr. **17.990**



Guoren-AL Hitastýrt
tæki með uppstút
kr. **14.990**



Guoren-BO Hitastýrt
tæki með niðurstút
kr. **14.990**



MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Reykjavík Kletthálsi 7. Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 9-12 & 13-18

Neytendur athugið! Murbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

LEIÐARI



Ekki kaffihús heldur sjúkrahús

Dóttir mín, sem er á sjötta ári, varð fyrir óhappi í vikunni. Hún datt þegar hún var að ganga niður stiga úr tampólíni og fékk svolitinn skurð á nef. Fyrst hélt ég að þetta væru bara blóðnasir, en við foreldrarinn ákváðum, eftir nánari skoðun, að réttast væri að kíkja með hana á slysavarðstofuna. Sem við og gerðum.

Nokkuð af fólki sat og beið niðri í afgreiðslunni þegar við komum. Við ræddum við ungan mann í afgreiðslunni sem skráði okkur inn og benti okkur á að fara upp á næstu hæð, þar sem litið yrði á barnið.

Við tókum lyftuna upp og þegar við komum upp á aðra hæð gerðum við grein fyrir okkur og var boðið að biða á sérstakri barnabiðstofu.

Þetta er lítið herbergi, en hlýlegt. Þar eru mjúkir stólar, nokkur leikföng og bækur og raunar sjónvarpstæki, sem við kveiktum ekki á.

Þarna sátum við og lásum bók í nokkra stund og svo fékk stelpa að leika sér í síma föður síns. Þarna voru önnur börn líka, og fleira fólk og þess vegna nokkur bið. Ætli við höfum ekki beðið í um það bil klukkutíma áður en okkur var bent á að koma inn í skoðunarherbergi. Þar leit hjúkrunarfræðingur á sárið og síðan tók við nokkur bið í viðbót eftir lækni til að gera að. Ætli þetta hafi ekki tekið um eða rétt yfir tvær klukkustundir í það heila.

Þetta er ekki skrifað til þess að kvarta undan biðinni. Dóttir mín var raunar orðin nokkuð þreytt þegar þarna var komið í sögu, enda klukkan langt gengin í tólf að kvöldi. Nei, mér er efst í huga hlýleg og elskuleg framkoma og fagmennska starfsmannanna á bráðamóttökunni í Fossvogi.

Ég efast ekki um að þetta geti verið erfitt starf og lýjandi. Tala nú ekki um þegar fólk gengur vaktir á öllum tímum sólarhrings og þarf að takast á við margt það versta sem fólk getur upplifað í lífi og starfi, alvarleg meiðsla, sársauka, jafnvel dauða.

Það var nefnilega ekkert mál að biða. Meira að segja fimm ára barni fannst það ekkert mál.

Hún stóð sig raunar eins og hetja þegar til kastanna kom. Var ekkert hrædd við lækinn, sem var ekkert minna elskulegur en annað fólk sem við hittum þetta kvöld. Guðrún lækni ákváð að ekki væri ástæða til þess að sauma. En hún ákváð að líma sárið saman og setti svo plástra yfir. Stelpa fékk svo að velja sér verðlaun fyrir frammistöðuna, tattú og sápukúlur sem hún valdi handa litla bróður sínum. Við kvöddum. Þreytt en þakklát.

Á einum tímupunkti í biðinni spurdist ég fyrir um það hvort ég gæti fengið kaffi. Það var ekki í boði, en við gátum fengið vatn og djús í vél frammi á gangi. Ég mundi það sem maður gleymir stundum þegar maður kvartar undan heilbrigðiskerfinu, að við vorum á sjúkrahúsi, ekki kaffihúsi.

Annars er Reykjavík vikublað nú á leið í örstutt sumarfrí, en kemur út að nýju fyrsta laugardag eftir verslunarmannahelgi.

Hafið það gott í millitíðinni sem aðra daga.

Ingimar Karl Helgason

Ummæli með erindi:

„Og vígahrammurinn er reiddur til höggs á örfoka öræfum jafnt sem í blómlegum dalabyggðum vegna ráðbruggs um risaorkuver, um að sökkva landflæmum undir miðlunarlón, breyta farvegi fallvatna, virkja friðlýstar perlur í íslensku landslagi; jafnvel þjóðgarðar eru í hættu. Er það svo að við viljum fórn því dýrmætasta í fórum okkar, sjálfum frumburðarrétti sérhvers Íslending og Íslendinga fram-

tíðarinnar á altari orkufreks iðnaðar – jafnvel mengandi stóriðju? Og þó svo væri: hafa nútíma Íslendingar rétt til að ráðstafa frumburðarrétti komandi kynslóða? Hver hefur svo skelfilegt vald?“

- Guðmundur Páll Ólafsson.
Perlur í náttúru Íslands, 1990.



HÉÐAN OG ÞAÐAN ...

Trúnaður Hannesar

Davíð Oddsson gerði mistök í helgarblaði Moggga fyrir viku, þegar hann gerði Tryggva Gunnarssyni, umboðsmanni Alþingis upp skoðanir, sem reyndust vera úr bréfi alnafna umboðsmannsins. Nú hefur alnafninn upplýst að hann hafi sent Hannesi Hólmsteini Gissurarssyni prófessor í stjórnmálafræði umrætt bréf nokkrum dögum áður en Davíð gerði það að umræðuefni. „Það hlýtur að vera þess vegna sem ritstjóri Morgunblaðsins er að vitna í bréfið núna,“ segir Tryggvi Gunnarsson ekki umboðsmaður í viðtali við DV.

Heimildarynin

Tryggvi sendi í janúar umrætt bréf á nokkra fjölmiðla, þingmenn og forsetann og mun víst reglulega senda ýmsar orðsendingar úr hotmail-tölvupóstfangi sínu. Ein mikilvægasta skylda blaðamanna er að ganga úr skugga um áreiðanleika heimilda sinna. Sama má segja um fræðimenn.

Dýrafræði

Sjávarútvegsráðherra mun íhuga að leggja veiðigjöld á hvalveiðar. Í svari ráðuneytis hans við fyrirspurn Fréttablaðsins segir orðrétt: „veiðigjöld taki til veiða allra stofna við landið, og því jafnt um sjálfbæra nýtingu hvala og hrefna eins og annarra fiskistofna“. Síðast þegar a t h u g a ð var, voru



hvalir spendýr, en ekki fiskar. En þetta gæti svo sem skýrt margar undarlegar ákvarðanir í ráðuneytum Sigurðar Inga Jóhannssonar.

101 monni

Fasteignafélagið Gamma hefur keypt upp hundruð íbúða í höfuðborginni og er sakað um einokunarstöðu og að halda leiguverði háu. Ekki er að heyra á borgarstjórnunum að hann vilji bregðast við þessu sérstaklega. Enginn annar úr borgarstjórninni hefur lagt orð í belg í þessum efnum. Flestir borgarfulltrúar búa miðsvæðis í Reykjavík. Kannski finnst þeim það vera hagur sinn að fasteignaverð á eigin bletti sé sem hæst?

Litla Ísland

Vilhjálmur Árnason þingmaður Sjálfstæðisflokksins sakaði lögregluna um að færa DV lögregluskýrslur í rannsókn sinni á lekamálinu í innanríkisráðuneytinu í viðtali í síðasta tölublaði Reykjavíkur vikublaðs. Nú liggja aðstoðarmenn ráðherra undir grun og ráðherra hefur verið sagður hafa villt um fyrir Alþingi og íslenski þjóð. Lögreglustjóri vildi ekki tjá sig um málið, þótt það væri boðið, enda í viðkvæmri stöðu, sem umsækjendi um embætti forstjóra Samgöngustofu. Hanna Birna Kristjánsdóttir, flokkssystir Vilhjálms, er einmitt sá ráðherra sem veitir í embættið.



Hitt heimsmeistaramótið í Brasilíu

Fótboltinn hefur verið í öndvegi í sumar. Á meðan HM fór fram fór líka fram „heimsmeistaramót“ barna í götubolta sem er verkefni Unicef og samstarfsaðila í Brasilíu. Keppnin fór fram í smábænum Vila Cabral Miranda og þarna kepptu lið Paragvæ, Kenýa, Síle og Brasilíu og

fleiri þjóða. Vila Cabral Miranda er ekki ríkur bær og kannski helst þekktur fyrir að þar eru tvö öryggisfangelsi og gerðu fangarnir uppreisn í fyrri. Mörg börnin sem búa í þorpinu eiga reyndar föður, móður, bróður eða systur í öðru hvoru fangelsinu. Þetta eru sem sagt ekki forréttindakrakkar.

Á undan keppninni voru búnir til pappírfsánar fyrir hverja þjóð og svo stilltu liðin sér upp með sína fána og það var tekin mynd. Hver leikur fór svo fram í þremur hlutum:

1. Liðin komu sér saman um reglurnar sem skyldu gilda.
2. Svo spiluðu þau fótboltaleikinn.
3. Síðan lögðu þau mat á leikinn og komust að niðurstöðu um úrslitin.

Hvernig voru svo reglurnar? Til dæmis: Allir eiga að fá að vera með boltann. Ekki blóta. Ekki hrinda eða meiða. Allir eiga óska til hamingju þegar einhver skorar mark - líka þeir sem eru í hinu liðinu. Allir spila fallega og vera sanngjarnir. Stundum gildir sú regla stundum að ef ungur og lítill leikmaður skorar þá fást tvö mörk fyrir.

Markmiðið með mótinu er að krakkarnir læri að bera virðingu fyrir



Höfundur er
Árni Svanur Daníelsson,
prestur

hvert öðru, spila á sanngjarnan hátt og leika saman sem lið.

Samfélag er samkomulag þeirra sem eru ólíkir. Gott samfélag er samkomulag um að lifa góðu lífi saman sem einkennist af virðingu, sanngirni og umhyggju. Ef það væri til HM í því að vera góð þjóð þá held ég að landsliðsþjálfarar gerðu margt vitlausara en að horfa til krakkanna í Vila Cabral Miranda og heimsmeistaramótsins þeirra.

Í FRÉTTUM

Hjálparþurfi

„Þessi fjölmiðlahringgekkja sem fór af stað í aðdraganda kosninga, hún var ekki sett upp af hálfu fjölmiðla til að hjálpa flokknum,“ sagði Þorsteinn Sæmundsson einn þingmanna Framsóknarflokksins, í viðleitni til að að hvítþvo flokkinn af kosningabaráttunni í Reykjavík í vor. En áhugavert er það viðhorf að hlutverk fjölmiðla sé að hjálpa Framsóknarflokknum. Kannski er eitthvað um það í stjórnarsáttmálanum?

Ekki trúverðugt

Á miðstjórnarfundum framsóknar var eftir töluverðar umræður, að sögn fjölmiðla, samþykkt ályktun um að flokkurinn muni framvegis berjast gegn mismunun af hverju tagi, vegna trúarbragða, litarháttar, kyns, stöðu og kynhneigðar. Þrjár tillögur um ályktun munu hafa komið fram, að sögn RÚV og tók umræðan langan tíma. Það vekur athygli því að framsóknarmenn hafa lengi haldið því fram að þetta séu „grunnildin“.

Bull

„Þetta er spurning um að þær lendi ekki allar á ríkinu heldur taki sjúkratryggingir þátt í þeim,“ sagði Steingrímur Ari Arason, forstjóri Sjúkratrygginga í vikunni, um skarpar hækkunar á þjónustu sérfræðilækna og rannsóknargjalda. Þetta er bull. Hér er verið að færa kostnað frá sameiginlegum sjóðum og yfir á veika og slasaða. Heilbrigðisráðherra hefur með reglugerðum undanfarna mánuði verið að gera slíkt hið sama. Minnst fólk þess að hafa kosið stjórnarflokkana út á þetta?



Samráð?

Heilbrigðisráðherra úr Sjálfstæðisflokki sameinar heilbrigðisstofnanir úti á landi, við heldur neikvæðar undirtektir. Á sama tíma eru framsóknarráðherrar að moka stofnunum og starfsfólki út á land. Væri í ekki heppilegt að stefnan yrði rædd við ríkisstjórnarborðið áður en tilkynnt eru um vöndur og vanhugsáðar ákvarðanir?

Meira samráð

Verð fyrir húsnæði á höfuðborgarsvæðinu er allt of hátt og hefur þetta vakið athygli fjölmiðla, eins og húsbýggingaráform. Borgaryfirvöld hafa í hyggju að standa fyrir byggingu á þúsundum íbúða, í Kópavogi er byggt á fullu og líka í Mosfellsbæ. „Skógur af byggingakrönum“ þótti mikið gæfumerki fram að hrúni. En rétt eins og fyrir hrúnið, þá virðist lítið samráð vera milli sveitarfélaganna um allar þessar byggingar.



REYKJAVÍK VIKUBLAÐ

26. TBL. 5. ÁRGANGUR 2014

ÚTGEFANDI: Fótspor ehf. Ábyrgðarmaður: Ámundi Ámundason, sími: 824 2466, netfang: amundi@fotspor.is. Framkvæmdastjóri: Ámundi Steinar Ámundason, netfang: as@fotspor.is. Auglýsingastjóri: Ámundi Ámundason, Suðurlandsbraut 54, 108 Reykjavík. Auglýsingasími 578 1190, netfang: auglysingar@fotspor.is. Vefvang: fotspor.is. Ritstjóri: Ingimar Karl Helgason, sími: 659-3442 netfang: ingimarkarhelgason@gmail.com. Blaðamaður: Atli Þór Fanndal. Netfang: atli@thorfanndal.com. Menningarblaðamaður: Hildur Björgvinsdóttir. Netfang: hildurbjorgvins@gmail.com. Matarblaðamaður: Svavar Halldórsson. Sími: 869-4940. Netfang: svavar@islenskurmatur.is. Umbrot: Prentsmið, Prentun: Ísafoldarprentsmiðja, 50.000 eintök. Dreifing: Póst-dreifing

UMHVERFISVOTTUÐ PRENTUN



FRÍBLAÐINU ER DREIFT Í 50.000 EINTÖKUM
Í ALLAR ÍBÚÐIR Í REYKJAVÍK.

GEGGJAÐ TILBOÐ!



Gos* 0,5 L og samloka **398 kr.**

Gos* 0,5 L og langloka **498 kr.**

*Pepsi, Pepsi Max, Kristall Mexican Lime, Mountain Dew og Appelsín



OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland



Svavar Halldórsson

Matar-rúlletta

Það er stundum eins og hálfgerð happdrætti að kaupa innflutt grænmeti og ávexti í íslenskum verslunum. Skyldi það vera í sæmilegu lagi? Það er þó ekki umfjöllunarefni þessarar síðu að þessu sinni, heldur matarhappdrætti af allt öðrum toga. Það er danskt, kallast Matarrúlletta og virðist ætla að slá í gegn.

Verðlaunuð nýsköpun

MadRouletten, eins og Matarrúllettan heitir á dönsku, er verðlaunað matar-tengt nýsköpunarverkefni. Stofnendurnir heita Asger Möller Dombernowsky og Stine Juul Hansen. Þau eru bæði ung og skapandi, hann markaðsfræðingur, hún tiskuhönnuður. Leiðir þeirra lágu saman í þverfaglegu nýsköpunarnámi. Hugmyndin spratt upp úr skólaverkefni þar sem þau voru að velta fyrir sér hversdagslegum samskiptum ungs fólks.

Sáu þörfina

Niðustaða þeirra var sú að ungt fólk vantaði einhvern vettvang til að kynna einhverjum nýjum, án þess að það gerðist í ölaði eða á formlegu stefnumóti. Matarrúllettan var svarið.

Tilgangurinn er sá að ungt fólk geti kynnst öðru fólki á sama reki, átt nota-lega kvöldstund með spjalli og góðum mat. Þau byrjuðu í Árósum í febrúar í fyrra, hleyptu af stokkunum vefsíðunni madrouletten.com og samsvarandi fésbókarsíðu - og síðan hefur Matarrúllettan aldeilis snúist. Nú eru haldin Matarrúllettukvöld í fleiri borgum og vinsældirnar aukast stöðugt.

Hvað er Matarrúlletta?

Fyrirbærið er í raun afar einfalt. Fólk sem vill taka þátt í matarboði með fimm ókunnugum manneskjum á aldrinum 20 til 35 ára, skráir sig til þátttöku á vefsíðunni. Þau hjá Matarrúllettunni raða svo fólkinu saman í sex manna hópa sem borða saman þríréttaða máltíð tiltekið kvöld. Í hverjum

sex manna hópi eru svo tveir og tveir paraðir saman. Hvert paranna þriggja sér um einn hluta máltíðarinnar, svo úr verður þríréttuð máltíð. Já, og í hverjum hópi er einn sem sérstaklega hefur boðist til að vera gestgjafi og hýsir því matarboðið.

Besta úr báðum heimum

Nokkur slík matarboð eru þannig haldin á sama tíma í einhverri tiltekinni borg eða bæ. Þegar líða fer á kvöldið er svo slegið saman í eitt alls herjar parti þar sem fólkið úr öllum matarboðunum mætir og blandar geði. Úr þessu segja þau Asger og Stina að hafi kviknað nýr kunningskapur eða jafnvel vinskapur – og rómantik hafi jafnvel látið á sér kræla. Aðal tilgangurinn er þó að tengja saman fólk sem ekki þekktist fyrir. Þetta mætti hugsanlega kalla einhvers konar raunheima-matar-fésbók. Hér sameinast margir kostir hefðbundinna matarboða og samfélagsmiðla á nýstárlegan hátt.



Endalausir möguleikar

Matarblaðamaður telur einsýnt að Íslendingar verði fljótir að tileinka sér hið nýdanska fyrirbæri Matarrúlletta. Reykjavík er nógu stór til þess að þetta geti gengið upp í talsverðan tíma – þótt líkurnar á að þekkja einhvern boðsgesta séu meiri en víða annars staðar. Svo býður þetta líka upp á endalausar viðbætur og þrjón. Þarf t.d. að miða við 20 til 35 ára? Má ekki allt eins miða við 50 til 65 ára? Eða 30

til 55 ára? Er hægt að bæta inn í þetta áhugasviðum, þannig að fólk með líkan þankagang sé líklegt til að veljast saman í matarboð? Hafi lesendur áhuga á að kynna sér málið betur, þá er vefslóðin madrouletten.com . . . og hafi einhver alveg sérstaklega mikinn áhuga, þá er lénið matarrullettan.is á lausu þegar þetta er skrifað. Þau Asger og Stine eru ábyggilega til í samstarf.

Myndir með þessari umfjöllun eru af madrouletten.com



Fólkið sem tekur þátt í matarrúllettunni skiptist á að elda og getur maturinn orðið æði fjölbreyttur.



Einkarekið Apótek

Lágt lyfjaverð - góð þjónusta




GARÐS
APÓTEK

- rétt leið

Sogavegi við Réttarholtsveg

Opið kl. 9-18 virka daga • Sími 5680990 • www.gardsapotek.is



Nýr og öflugur Liðsstyrkur

Sportpenna fyrir liði og brjósk

Sportpenna Liðleiki er ætluð þeim sem stunda hreyfingu og íþróttir að staðaldri. Sportpenna Liðleiki stuðlar að virku ónæmiskerfi, styður við heilbrigði liða og brjósks við og eftir erfiða líkamlega áreynslu.

> HREYFING > LIÐIR > LÍKAMSRÆKT



www.lysi.is

FRÉTTASKÝRING

Eiga stóra hluti í báðum stærstu verslunarkeðjunum

Arion banki og sjóðir í eigu bankans eiga stóra hluti í bæði Högum, stærsta verslunarfyrtæki landsins og Kaupási, en fyrirtækin tvö eru samanlagt með um 80 prósentu hlutdeild á matvörumarkaði á höfuðborgarsvæðinu.

Lífeyrissjóðirnir Gildi, LSR og Festa eiga einnig stóra hluti í báðum fyrirtækjunum. Tryggingamiðstöðin á jafnframt hlut í báðum fyrirtækjum.

Markaðshlutdeild

Ef marka má heimasiður fyrirtækjanna Kaupás og Haga, reka fyrirtækin samanlagt 54 verslanir á höfuðborgarsvæðinu og hafa samanlagt yfirgnæfandi markaðshlutdeild.

Samkeppniseftirlitið gaf árið 2012 út skýrslu um verðþróun og samkeppni á dagvörumarkaði. Þar eru upplýsingar um markaðshlutdeild einstakra verslanakeðja og verslana. Ætla megi að breytingar síðan þá séu óverulegar; ef frá eru taldar breytingar á klukkubúðunum svonefndu, 10-11 sem þá voru í eigu Haga og 11-11 sem þá voru hjá Kaupási.

Þarna kemur fram að á höfuðborgarsvæðinu séu verslanakeðjur Haga, Bónus og Hagkaup, með um 54-56 prósentu markaðshlutdeild. Verslanakeðjur Kaupás, Krónan og Nóatún, séu með 24-26 prósentu markaðshlutdeild.

Í áliti Samkeppniseftirlitsins vegna viðskipta á matvörumarkaði í fyrravor er hnykkt á þessu, en þar er samanlögð markaðshlutdeild fyrirtækjanna talin vera um 80 prósent; sem þó er dálitlu minni en í skýrslunni frá árinu áður.

Eignarhald Haga

Hagar eru hlutafélag sem skráð er í Kauphöllina. Hlutir í félaginu ganga þannig kaupum og sölum.

Stærstu eigendur Haga eru nú lífeyrissjóðurinn Gildi, en sjóðir Stefnis, ÍS 5 og ÍS 15, eiga þar einnig verulegan hlut. Stefnir er dótturfélag Arion banka. Bankinn sjálfur á einnig verulegan hlut í Högum. Einnig Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins og fleiri.

Stórir eigendur í Högum:

LSR	11,6%
Stefnir (ÍS 5 og 15)	10,8%
Gildi	10,4%
Arion	4,4%
Stapi lífeyrissjóður	3,7%
Festa lífeyrissjóður	3,3%
Tryggingamiðstöðin	1,2%

Arion banki og sjóðir dótturfélagsins Stefnis fara því með ríflega 15 prósentu hlut í Högum, auk þess sem Gildi og

LSR fara með mjög stóra hluti einnig. Stapi lífeyrissjóður og Festa eiga þarna einnig umtalsverðan hlut, svo nokkuð sé nefnt og Tryggingamiðstöðin rúmlega prósent.

Eignarhald Kaupás

Kaupás er óskráð félag. Eignarhaldið er flókið, en eigandi félagsins er Festi hf. Festi er svo aftur í eigu samlags- hlutafélagsins SF V. Stærsti hluthafinn þar er sjóðurinn SÍA II sem á 27 prósentu hlut, en Stefnir, dótturfélag Arion banka fer með sjóðinn.

Annar sjóður Stefnis ÍS 5 á einnig 5,8 prósentu hlut í SF V. Sömuleiðis á lífeyrissjóðurinn Gildi 5,5 prósent. Stapi lífeyrissjóður á 4,4 prósent og Festa lífeyrissjóður 3,3 prósent. Þá á Tryggingamiðstöðin einnig verulegan hlut. Þessir aðilar eiga líka hluti í Högum.

Nokkrir hluthafar SF V slhf.

SÍA II slhf.	27,4%
Stefnir - ÍS 5	5,8%
Gildi Lífeyrissjóður	5,5%
Tryggingamiðstöðin	4,9%
Stapi lífeyrissjóður	4,4%
Festa Lífeyrissjóður	3,3%

Þegar eignarhald á stærsta hluthafanum SÍA II, sjóði í umsjón Stefnis dótturfélags Arion banka er skoðað, má sjá að ýmsir aðilar eru með frekara óbeint eignarhald í Kaupási.

Þannig eru Gildi lífeyrissjóður, Stapi, LSR, Arion banki, og Festa með umtalsverða hluti þar, samanlagt yfir 50 prósentu hlut.

Nokkrir hluthafar SÍA II

Gildi lífeyrissjóður	15,9%
LSR	15,2%
Stapi lífeyrissjóður	10,0%
Arion banki hf.	7,5%
Festa lífeyrissjóður	7,5%

Af þessu má merkja að sjóðir Stefnis, dótturfélags Arion banka, bankinn sjálfur, nokkrir lífeyrissjóðir og



Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins.

Tryggingamiðstöðin eru í hópi allra stærstu hluthafa í báðum stærstu verslunarfyrtækjum landsins; fyrirtækjum sem eru með um eða yfir 80 prósentu markaðshlutdeild á matvörumarkaði á höfuðborgarsvæðinu.

Hætta á blokkamyndun

Þegar Festi eignaðist Kaupás og önnur fyrirtæki í þeirri samstæðu, sá Samkeppniseftirlitið ástæðu til þess að grípa til aðgerða, og setti ýmis skilyrði fyrir kaupunum.

Samkeppniseftirlitið taldi að ýmis samkeppnisleg vandamál gætu falist í þessu. Meðal annars væri hættu á því að „eignarhlutir hluthafa SF V í keppinautum leiði af sér óæskilega hvata sem draga úr samkeppni á þeim mörkuðum sem dótturfélagin starfa á.“ Þá væri hættu á að eignatengsl „aðila sem eru tengdir viðskiptunum leiði af sér blokkamyndun og útiloki þar með keppinauta frá mikilvægum viðskiptum eða leiði til þess að félög innan blokkarinnar njóti viðskiptakjara sem ætla megi að ótengdur aðili myndi ekki njóta.“ Sömuleiðis væri hættu á að „viðkvæmar viðskiptaupplýsingar berist á milli aðila sem eru tengdir viðskiptunum og fyrirtækja tengdum þeim,“ en auk þess nefndi Samkeppniseftirlitið hættu á óæskilegum stjórnumartengslum.

Eftirlitið fjallaði einnig, í ákvörðun um þessi kaup, um þessi mál og einnig um umsvif lífeyrissjóða í tengslum við þessi mál; þ.e. „samkynja eignarhaldi á mikilvægum keppinautum á matvörumarkaði, þ.e. Högum og Kaupási.“

Lífeyrissjóðirnir

Samkeppniseftirlitið nefnir einnig áhrif minnihlutaeigenda í keppinautum, og fjallar sérstaklega um stóran hlut Gildis lífeyrissjóðs í báðum félögum. Samkeppniseftirlitið telur þó að „ekki væri um það að ræða að sami hluthafi færi með samkeppnislega veigamikinn eignarhlut í tveimur keppinautum á matvörumarkaði. Þrátt fyrir það verða nokkrir fjárfestar sem munu eiga veigaminni hluti bæði í Kaupási og Högum í kjölfar samrunans. Við skilgreiningu á því hvað felst í samkeppnislega veigamiklum eignarhlut í þessu sambandi er m.a. vísað til þess að viðkomandi eignarhlutur gefi viðkomandi fjárfesti möguleika á því að krefjast tilnefningar á stjórnarmanni í viðkomandi fyrirtæki. Er þá m.a. horft til líklegrar mætingar á hluthafafundi,“ segir Samkeppniseftirlitið.



Hagar og Kaupás eru samanlagt með um 80 prósentu markaðshlutdeild á höfuðborgarsvæðinu. Ýmis fjármálafyrirtæki og sjóðir eiga stóra hluti í báðum félögum. Mynd: Hagar.is

Þáttur Stefnis og Arion banka

Flóki Halldórsson, framkvæmdastjóri Stefnis, segir í samtali við Reykjavík vikublað að sjóðir Stefnis séu eign sjóðfélaga. Eignum sjóðanna sé haldið aðgreindum frá eignum Stefnis sjálfs. Arion banki eigi vissulega allt hlutafé í Stefni, en félagið hafi sett sér reglur um hvernig farið sé með atkvæði á hluthafafundum. Atkvæðisréttur Stefnis sé sjálfstæður frá atkvæðisrétti Arion banka.

Um sjóðinn SÍA II segir Flóki að hann sé ekki sjóðdeild undir Stefni, „heldur samlagshlutafélag með rekstrarsamning við Stefni“. Eins og fram hefur komið sé félagið

að miklu leyti í eigu lífeyrissjóða og annarra. Þá hafi Samkeppniseftirlitið sett ýmis skilyrði fyrir þessari tilhögun mála sem farið sé eftir; eins og um mögulega hagsmunaárekstra. Auk SÍA II séu aðrir fjárfestar meðal eigenda Festi (móðurfélags Kaupás), m.a. lífeyrissjóðir, tryggingafélög og nokkrir einstaklingar. Þar fari fremstur í flokki Hreggvíður Jónsson, sem er jafnframt stjórnarformaður Festi.

Eftir því sem best verður séð er Hreggvíður ekki hluthafi í Högum, en slíkt myndi brjóta í bága við skilyrði sáttarinnar við Samkeppniseftirlitið sem nefnd er hér á síðunni.

Gagnrýndi hringamyndun

Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður Framsóknarflokksins, gagnrýndi þessa gjörninga harðlega í ræðu á Alþingi 8. apríl síðast liðinn. Hann rakti kaupin á Kaupási og sagði svo:

„Nú eigum við Matvöruverslun Íslands hf. Það vill þannig til að ég var á fundi hjá SA núna á fimmtudaginn þar sem ágæt ung kona lýsti því hversu mikið ríkið seildist til áhrifa á því sem hún kallaði heilsumarkaðnum. Hún setti upp kókurit sem sýndi að ríkið réði 68% af því sem er kallað heilsumarkaðurinn, þ.e. Landspítalinn og önnur sjúkrahús sem ríkið rekur. En það hefði verið hægt að taka ríkið út úr þessu kókuriti og setja Haga/Kaupás í staðinn og þá hefðum við verið komin með ástandið á smásölumarkaðnum á Íslandi. Nú efast ég ekki um að það góða starfsfólk sem er í Samkeppniseftirlitinu hafi byggt úrskurð sinn á gildandi lögum, ég efast ekki um það. Það bendir hins vegar til þess í mínum huga að breyta þurfi gildandi lögum. Það þarf að breyta samkeppnislögum þannig að svona hringamyndun verði ekki til á Íslandi.“

Ekki er að sjá í stjórnarsáttmála Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins að til standi að fara í að-



„Það þarf að breyta samkeppnislögum þannig að svona hringamyndun verði ekki á Íslandi,“ segir Þorsteinn Sæmundsson.

gerðir gegn hringamyndun. Þar segir raunar að koma eigi í veg fyrir að fjármálastofnanir „stjórni rekstrarfélögum til langs tíma“. En þar segir raunar einnig: „Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir endurskoðun regluverks atvinnulífsins með einföldun og aukna skilvirkni þess að leiðarljósi. Markmið hennar verður að minnka skriffræði og einfalda samskipti við opinbera aðila um leið og kostnaði er haldið niðri.“ og áfram er haldið: „Sérstakt markmið er að engar nýjar íþyngjandi reglur verði innleiddar fyrir atvinnulífið án þess að um leið falli brott jafnveigamiklar kvaðir.“

Markaðshlutdeild verslana á höfuðborgarsvæðinu 2011 & 2012*

Verslun	2012 (%)	2011 (%)
10-11	[4-5%]	[4-5%]
Iceland	[0-1%]	
Samtals samrunaaðilar	[5-6%]	[4-5%]
Hagar	[53-54%]	[54-55%]
Kaupás	[24-25%]	[25-26%]
Samkaup	[4-5%]	[4-5%]
Fjarðarkaup	[3-4%]	[3-4%]
Víðir	[3-4%]	[1-2%]
Kostur	[1-2%]	[1-2%]
Melabúðin	[1-2%]	[1-2%]
Miðbúðin	[0-1%]	[0-1%]
Aðrar verslanir	[1-2%]	[1-2%]
Samtals	[100,0%]	[100,0%]

* Fyrir einhverjar smærri verslananna hafa tölur verið áætlaðar út frá fyrri árum ef nákvæmar tölur liggja ekki fyrir.

Þessi skýrmynd úr skýrslu Samkeppniseftirlitsins sýnir markaðshlutdeild verslanakeðja á höfuðborgarsvæðinu.

Úrval Útsýn kynnir

Taíland

Hua Hin og Bangkok

11 dagar á lúxus sólarströnd og
heimsókn í stórborg

ÖLL VERÐ ERU BIRT MED FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG STAFABRENGL



Hua Hin

Hua Hin er strandbær rúmlega 200 km suður af Bangkok. Staðurinn sameinar sjarma gamla fiskimannabæjar og nútímalega ferðamannaaðstöðu með hótélum, veitingastöðum, verslunum og mörkuðum.

01. - 03. NÓV. og 04. NÓV. - 05. DES.

Verð frá aðeins

299.900 KR.

á mann í 6 nætur í Hua Hin og 3 nætur í Bangkok í tvíbýli með morgunverði.



Ferðamáti í hæsta gæðaflokki

Flogið er með Icelandair til Stokkhólms og með Thai Airways breiðpotu til Bangkok.



Bangkok

Bangkok er alþjóðleg, fjölbreytt og heillandi borg þar sem gamlir og nýir tímar mætast og þróast í allar áttir. Þarna eru gömul Búddahof og fagrar hallir, nútímaleg tækni og samgöngur, háhýsi, hótél, verslanir, veitingastaðir, skemmtistaðir, markaðir og fullt af áhugaverðum stöðum.



Úrval Útsýn kynnir stórkostlega sólarferð til Taílands. Í ferðinni verður dvalið við strandbæinn Hua Hin og í heimsborginni Bangkok. Farþegar geta hagað tíma sínum að vild á báðum stöðum, en íslenskur fararstjóri verður einnig innan handar. Hvort sem þú leitast eftir afslöppun í framandi landi, ævintýri eða menningu, þá hefur Taíland svarið.

Kynntu þér Taíland á uu.is

Úrval Útsýn er í Hlíðasmára 19 í Kópavogi.
Sími 585 4000 www.uu.is Facebook

UU
ÚRVAL-ÚTSÝN

FRÉTTASKÝRING

Geymdu framsalsbeiðni Snowdens mánuðum saman

Uppljóstrarin Edward Snowden er ekki lengur með stöðu sakbornings hér á landi. Þetta kemur fram í gögnum innanríkisráðuneytisins frá því í sumar. Það vakti á sínum tíma athygli að Snowden hefði, að mati innanríkisráðuneytisins, stöðu grunaðs manns á Íslandi í ljósi þess að hann er ekki staddur hér á landi og óvíst verður að teljast hvaða innlend lög hann gæti hafa brotið. „Þetta voru einhvers konar lögfræðilegar æfingar hjá ráðuneytinu en ég skil þetta ekki. Ég reyndi að túlka þetta en tókst ekki,“ sagði Ragnar Aðalsteinsson, lögmaður Snowdens hér á landi, við tímaritið Skástrík í september í fyrra eftir að ritið hafði greint frá stöðu Snowdens. Ráðuneytið hafði þá litið á hann sem verjanda Snowden án þess að skilgreint væri hvaða lög hann var sakaður um að hafa brotið.

Innanríkisráðuneytið lét framsalsbeiðni bandarískra yfirvalda sitja inni í ráðuneytinu án efnislegrar afgreiðslu að því er virðist mánuðum saman. Fulltrúar bandaríska sendiráðsins í Reykjavík funduðu, að minnsta kosti tvisvar, með fulltrúum utanríkisráðuneytisins vegna Snowdens og sendi ráðuneytið beiðni þeirra áfram til innanríkisráðuneytisins til afgreiðslu. Fyrri fundur sendiráðsins var 27. júní 2013, þar sem sviðsstjóra alþjóða- og öryggissviðs var afhent bréf frá sendiráðinu og þess óskað að ís-

lensk yfirvöld aðstoðuðu bandarísk við að hafa hendur í hári uppljóstrarans. Í byrjun júlí 2013 funduðu svo starfsmenn sendiráðsins með ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins og lögðu fram beiðni um aðstoð þar sem vitnað er til framsalssamnings Danmerkur og Bandaríkjanna, frá 1905, og þess óskað að Snowden yrði framseldur.

Tilkynning en ekki framsalsbeiðni

Í lögum um framsal sakamanna kemur

fram hvaða skilyrði framsalsbeiðnir þurfa að uppfylla til að verða teknar til efnislegrar meðferðar. Þá er vert að taka fram að ekki er hægt að framselja mann sem ekki er þegar á landinu. Það veur því furðu að innanríkisráðuneytið hafi ekki brugðist þá þegar við kröfu bandarískra yfirvalda með því að hafna henni. Í gögnum ráðuneytisins kemur fram að innanríkisráðuneytið, sem skal efnislega fjalla um beiðni bandarískra yfirvalda, þótt utanríkisráðuneytið taki við samskiptunum, líti ekki svo á að um framsalsbeiðni sé að ræða. Skjalið sé tilkynning um væntanlega framsalsbeiðni. Þannig vitnar ráðuneytið til ákvæðis laga um framsal sakamanna sem heimilar þvingunaraðferðir ef viðkomandi yfirvöld tilkynna að þau muni krefjast framsals. Erfitt er að finna túlkun ráðuneytisins, á að ekki sé um raunverulega framsalsbeiðmi að ræða, stöð í gögnum ráðuneytisins.



Vitnað til framsals

Eins og áður segir barst utanríkisráðuneytinu a.m.k. í tvígang ósk um aðstoð við að hafa hendur í hári Snowden. Fyrri skjalið er aðeins ein síða og gæti raunar talist tilkynning um að óskað sé aðstoðar, en ekki framsalsbeiðni, enda ekki vitnað til samnings um framsal. Seinna bréfið, það sem dagsett er 2. júlí 2013, getur vart talist annað en beiðni um framsal. Vitnað er til framsalssamnings ríkjanna og þess óskað að Snowden verði handtekinn og afhentur bandarískum yfirvöldum. Skjalið virðist þannig að öllu leyti sambærilegt, utan staðbundinna breytinga, framsalsbeiðni Bandaríkjanna sem tekin var fyrir af írsku hæstaréttinum og hafnað sem ófullnægjandi. Rök hneigjast í þá átt að með túlkun sinni hafi ráðuneytið brotið á rétti Snowden enda er öllum tryggður réttur samkvæmt lögum til að grípa til varnar sem og rétturinn til málsmeðferðar í samræmi við lög. Lög um framsal kveða á um að uppfylli framsalskrafa ekki skilyrði laganna beri ráðuneytinu að hafna henni án tafar. Komist ráðuneytið hins vegar að þeirri niðurstöðu að beiðnin skuli tekin til efnislegrar meðferðar þá skal hún strax send til ríkissaksóknara sem ber að sjá til þess að nauðsynleg rannsókn fari fram þá þegar. Um leið er þeim sem óskað er að verði framseldur tryggð ákveðin réttindi til að grípa til varnar. Hvorugt er raunin í afgreiðslu ráðuneytisins. Þá sýna gögnin að ráðuneytið tók sér nokkurn tíma í að afhenda lögmanni Snowden gögn og sinnti illa skyldum sínum í þeim efnum. Við afhendingu gagnanna kom í ljós að ráðuneytið taldi Snowden til sakbornings hér á landi en frá því var eins og áður segir greint frá í september í fyrra.

Eftir bókinni á hinn endann

Losarabragur og túlkunargleði innanríkisráðuneytinu Snowden í óhag veur athygli í ljósi þess hversu hreint var túlkað eftir bókinni á hinn endann. Snowden fól Kristinni Hrafnssyni, talsmanni Wikileaks hér á landi að koma boðum til íslenskra yfirvalda um að hann óskaði hælís hér á landi, fyrir hans hönd. Snowden var þá fastur í Rússlandi. Þá hefur Snowden lögmann hér á landi eins og víða um heim sem sinnir réttargæslu fyrir hann. Um beiðni Snowden sagði innanríkisráðherra við Fréttastofu RÚV: „Það hefur ekkert formlegt erindi borist eða formleg umsókn. Kristinn óskaði eftir að fá samtal við fulltrúa ráðuneytisins vegna málsins. Hann fékk það samtal þar sem farið var yfir málið og löggjöf hér á landi sem er mjög skýr. Hún er almenn og verður að



Innanríkisráðuneytið telur beiðni bandarískra yfirvalda ekki framsalsbeiðni heldur tilkynningu um væntanlega framsalsbeiðni.

Mynd: Pressphotos.biz

vera þannig að allir geti treyst því að hún gildi fyrir alla jafnt.“ Þá hefur RÚV eftir ráðherra í óbeinni ræðu að einstaklingar verði að dvelja í landinu til þess að þeir geti sótt um pólitískt hæli. Þar fer ráðherra með rétt mál enda er Ísland eitt þeirra ríkja sem neitar að viðurkenna rétt hælisleitenda til að sækja um hæli á ræðisskrifstofum sínum og sendiráðum. Hins vegar er ljóst að framsal fer ekki fram á einstaklingi sem ekki er á landinu en slíkt er sömuleiðis krafa fyrir efnislegri meðferð framsalsbeiðni.

Mánuðum saman

Beiðni bandarískra yfirvalda var þannig til meðferðar ráðuneytisins vikum ef ekki mánuðum saman. Ráðuneytið tilkynnir Snowden um að málinu sé lokið um miðjan júní á þessu ári. Þótt huganlegt sé að ráðuneytið hafi talið málinu lokið talsvert áður en Snowden var tilkynnt að virk framsalsbeiðni væri ekki í gangi gagnvart honum hér á landi má öllum vera ljóst að meðferð máls er ekki lokið fyrr en öllum málsaðilum er tilkynnt um slíkt. Það á auðvitað líka við um þann sem að er sótt. Í gögnum ráðuneytisins segir að þar sem bandarísk yfirvöld hafi ekki orðið við erindi ráðuneytisins frá 16. júlí 2013 sé málinu lokið. Bréfið er ritað 10. júní 2014, tæpu ári eftir að beiðni um framsal var fyrst lögð fram.

Enga umræðu

Nokkrir stjórnarandstöðupingmenn lögðu í júlí í fyrra fram frumvarp á Alþingi um veitingu ríkisborgaréttar til Snowdens. Það eru þau Helgi Hrafn Gunnarsson, Birgitta Jónsdóttir og Jón Þór Ólafsson, þingmenn Pírata ásamt Ögmundi Jónassyni, fyrrverandi innanríkisráðherra og þingmanni VG, Páli Val Björnssyni, þingmanni Bjartrar framtíðar og Helga Hjörvar, þingmanni Samfylkingarinnar. Frumvarpið sem lagt var fram með skömmum fyrirvara á sumarþingi fékk ekki efnislega afgreiðslu enda slíku hafnað af fulltrúum meirihlutans í atkvæðagreiðslu á þingi. Um svipað leyti var Snowden veitt tímabundið landvistarleyfi í Rússlandi. Leyfið var gefið út til eins árs og rennur út nú í ágúst. Anatoly Kucherena, lögmaður Snowden í Rússlandi, staðfesti nýlegam við rússnesku fréttastöðina RT, að sótt hefði verið um áframhaldandi landvistaleyfi. Samkvæmt rússnesku fréttaveitunni Izvestia var öllum gögnum skilað til yfirvalda fyrir 30. júní á þessu ári.

HAMBORGARA
Búllan

BURGERJOINT

Burger Joint - Geirsgötu 1 - 101 Reykjavík - bullan@simnet.is - www.bullan.is

„Pure Beef!
It's Not Like It
It's Not Pay 4 It“

„It's hard 2 beat
a good meal
at good price“
Washington Post



Atli Þór Fanndal

Ætti að ganga frjáls

„Við erum í mikilli skuld við hann sökum tegundar uppljóstranna,“ sagði Navi Pillay, fulltrúi mannréttindaskrifstofu Sameinuðu þjóðanna, um stöðu Snowden við breska blaðið Guardian. Hún segist ekki teja að lögsækja skuli Snowden enda séu upplýsingarnar sem hann birti almenningi gagnlegar og mikilvægar. Ben Wizner, lögmaður hjá ACLU, bandarískum mannréttindasamtökum sem berjast fyrir lagalegri vernd einstaklinga í bandarísku samfélagi, hefur sagt ólíklegt að Snowden snúi aftur til Bandaríkjanna og treysti á sanngjarna málsmeðferð í því landi. „Lög þau sem eru grundvöllur ákæru gagnvart Snowden gera engan greinarmun á því að deila upplýsingum með fjölmiðlum í nafni almannaheilla og því að selja óvinveittum erlendum aðilum ríkisleyndarmál,“ sagði Wizner við Guardian.

Gagnrýnir bresk lög

Snowden er afar gagnrýninn á tilraunir breskra yfirvalda til að þröngva hratt í gegnum breska þingið frumvarpi sem felur í sér jafnvel víðtækari heimildir til njósna en þegar eru til staðar í Bretlandi. Uppljóstranir Snowden hafa einmitt leitt í ljós afar víðtækari njósnir bandarískra sem og yfirvalda um allan heim. Glögg má sjá að Bretar eru langt frá því að vera eftirbátar bandarískra yfirvalda í þessum málum. „Bandaríska þjóðaröryggisstofnunin (NSA) hefði allt eins getað skrifað drögin að þessu frumvarpi,“

Sinna réttargæslu Snowdens



Bandaríkin
Ben Wizner, lögmaður ACLU, er einn verjenda Snowdens í Bandaríkjunum.



Rússland
Kucherena Anatoli, lögmaður Snowdens, hefur sótt um áframhaldandi landvist.



Ísland
Ragnar Aðalsteinsson lögmaður sér um réttargæslu Snowdens hér á landi.



Ísland
Kristinn Hrafnsson, talsmaður Wikileaks, hafði milligöngu um beiðni um landsvistarleyfi.

segir Snowden. „Þeir samþykkja svo þetta frumvarp undir yfirskyni neyðar. Hér eigum við að vera undir yfirvofandi hættu.“

Áður hefur Pillay lýst yfir að hún telji óeðlilegt að þröngva frumvarpi, sem veiti svo víðtækari heimildir, í gegnum þingið með hraði. „Ég á erfitt með að sjá hvernig Bretar geta réttlætt að keyra í gegn víðtæk neyðarlög. Lög sem taka varla á þeim áhyggjum sem Mannréttindadómstóll Evrópu hefur þegar lýst yfir og á meðan í gangi er ferli, af hálfu breskra yfirvalda, þar sem farið er yfir nákvæmlega þessi mál.“ Í lögum má meðal annars finna lagakvöð á fjarskiptafyrirtæki, í Bretlandi, um að þeir haldi til haga notkun viðskiptavina sinna s.s. símnótun og vafra sögu. Þess ber að geta að æðsta dómssvald Þýskalands, Austurríkja, Búlgaríu, Kýpur, Tékklands, Rúmeníu og Slóveníu hafnað lögmati þess að veita yfirvaldi heimild

til allsherjarsöfnun fjarskipta enda talið slíkt andstætt stjórnskrárbundnum rétti borgaranna.

Hvar stendur Ísland?

Uppljóstranir Snowden leiða í ljós að NSA heimilaði njósnir hér á landi. Einu löndin sem NSA hefur ekki heimild til að fylgjast með samkvæmt skjölunum eru Bretland, Kanada, Ástralía og Nýja-Sjáland. NSA fékk heimildina árið 2010 og snýr hún einnig að stofnunum eins og Alþjóðabankanum, Alþjóðdagjaldeyrissjóðnum, Evrópusambandinu og Kjarnorkumálastofnun. Vitað er að bandarísk stjórnvöld hafa fylgst með allavega fjórum Íslendingum vegna starfa þeirra fyrir uppljóstrunarsamtökin Wikileaks. Birgitta Jónsdóttir þingkona, Smári McCarthy og Herbert Snorrason hafa öll verið undir eftirliti og til rannsóknar. Sama gildir um Sigurði Inga Þórðarsyni (Sigga hakkara)

sem sem var sjálfboðaliði Wikileaks og seinna uppljóstrari FBI. Þá er ekki ólíklegt að fleiri einstaklingar, til dæmis Kristinn Hrafnsson, talsmaður Wikileaks, séu undir smásjóni. Þessir aðilar eiga hver um sig nokkur þúsund vini á Facebook. Ef tekið er tillit til sameiginlegra vina er auðvelt að mynda net úr þessum vinnuhópi (með þremur hoppum) sem samanstendur af milljón einstaklingum. Það þyrfti því ekki mikið til að ná utan um alla 320 þúsund Íslendingana. Þetta miðar eingöngu við Facebook en Bandaríkjamenn fylgjast líka með Gmail frá Google, Outlook.com frá Microsoft og Skype, svo eitthvað sé nefnt.

29. greinar-hópurinn

Persónuvernd hefur frá því að fyrst var ljóstrað upp um njósnir NSA um íslenska ríkisborgara fjallað um málið á vettvangi 29. greinar-hópsins. Hópnun er ætlað, í

gegnum Evrópusambandið, að krefjast svara frá bandarískum yfirvöldum um njósnir á evrópskum borgurum. Í álitni hópsins frá 8. apríl eru leynilegar, viðamiklar og tilviljunarkenndar njósnir gagnrýndar og sagðar ekki samrýmast grundvallarlagareglum og verði ekki réttlætt með vísan til baráttu gegn hryðjuverkum og öðrum alvarlegum ógnum við þjóðaröryggi. „Þá er í álitinu kallað eftir auknu gagnsæi um hvernig leyniþjónustustofnanir starfa og lögð áhersla á að í aðildarríkjum mannréttindasáttmála Evrópu sé viðhaft virkt eftirlit sjálfstæðra aðila með starfsemi þeirra. Auk þess kemur fram af hálfu vinnuhópsins að Evrópureglur um vernd persónuupplýsinga heimili ekki víðtæka miðlun persónuupplýsinga til nota við slíkt eftirlit sem hér um ræðir.“ Nefndin bætir við að; „söfnun upplýsinga um fjarskiptatengingar (e. metadata) geti falið í sér mikla íhlutun í réttinn til friðhelgi einkalífs, en oft megi skilja yfirvöld svo að söfnun fyrrnefndu upplýsinganna sé ekki jafn nærgöngul og þeirra síðarnefndu. Í því sambandi er í álitinu bent á að oft sé auðveldara að afla sér vitneskju um málefni einstaklinga með vinnslu á fyrrnefndu upplýsingunum, enda sé einfaldara að kerfisbinda þær heldur en innihaldsupplýsingar og um leið nýta þær til að greina sambönd, hegðun og venjur einstaklinga.“

et VERSLUN

Frábært úrval díóðu (LED) vörubíla og kerruljósá á góðu verði



Klettagörðum 11 • 104 Reykjavík
S: 5682130 • Fax: 5680844 • www.et.is

SAMFÉLAGSUMRÆÐA

Lögleiðing vændiskaupa?

Undanfarnar vikur hefur farið fram á vefmiðlum merkileg umræða um vændi, þar sem greinar hafa birst á víxl á netmiðlum. Þessi umræða kemur ekki fram í neinu tómi. Þannig hefur í fjölmiðlum verið fjallað um átak íslenskra lög- regluyfirvalda, sem hafa rannsakað hátt í 200 vændiskaupamál undanfarið ár. Einnig hefur verið greint frá því hér í blaðinu að 36 refsíðomar féllu í málum af þessu tagi í fyrra. Lagaumhverfi hér á landi er þannig að bannað er að kaupa vændi og bannað er að hafa viðurværi sitt af vændi annarra. Þetta er nýleg löggjöf hérlendis og hefur verið kölluð sænska leiðin; að færa ábyrgðina á herðar kaupandanum. Hins vegar er ekki bannað að stunda vændi.

Nokkur umræða hefur átt sér stað erlendis um þessi mál og hafa stór samtök eins og UN Women og mannréttinda- samtökin Amnesty International haft þau á dagskránni. Í umræðuskjali frá Amnesty sem kom fyrir almenningssjónir í vetur, var þeirri hugmynd fleygt að vændiskaup og vændi eigi að vera lögleg.

Meðal röksemda sem hafa verið nefnd fyrir þessu er að sumir stundi vændi af fúsum og frjálsum vilja og

ekki megi leggja stein í götu þessa fólks. Á móti hefur verið bent á að lang flestir sem stunda vændi eða séu í „kynlífs- iðnaði“ séu ýmist í mansalsánaud, eða í ánaud fíknar eða öðrum aðstæðum sem í reynd útiloka að viðkomandi hafi í reynd nokkurt val um iðjuna. Það á hins vegar aldrei við um kaupandan.

Anna Lúðvíksdóttir, skrifstofu- stjóri hjá Amnesty hér á landi, segir í athugasemd við greinina sem hér er endurbirt af vefsíðunni Knuz.is, að

Amnesty hafi enga afstöðu tekið til lögleiðingar vændis. Um leið má ítreka að ekki er ólöglegt að stunda vændi hérlendis. Lögin leggja ábyrgðina á herðar þeim sem kaupir það.

Reykjavík vikublað fékk leyfi til þess að birta eina þessara greina sem hafa birst á vefmiðlunum í umræðunni undanfarnar vikur. Þessi grein er eftir Elísabetu Ýr Atladóttur, en hún birtist upphaflega á vefritinu Knuz.is. Knúz gerir sérstakan fyrirvara við greinina, hún fjalli um vændi og ofbeldi, og því rétt að benda lesendum Reykjavíkur vikublaðs á hið sama, áður en lengra er haldið. Rétt er að halda því til haga að vísað er til fjölmargra heimilda í tenglum í vefútgáfu greinarinnar. Þeir sem vilja kynna sér þær er bent á vefsíðuna Knuz.is. Millifyrirsagnir eru blaðsins.

- ritstj.

Vændi, „val“, „frelsi“ og „öryggi“

Höfundur: Elísabet Ýr Atladóttir

Ég fagna umræðu um vændi en um leið hryggir það mig mjög að sjá hversu margir kogleypa glansmyndir kynlífsiðnaðarinnar gagnrýnilaust. Ég efast ekki um að það er mun auðveldara að telja sér trú um að vændisfólk sé oftast nær í þessum aðstæðum og þessari stöðu á eigin forsendum, að konur í þessum iðnaði hafi valið það nauðungarlaust að stunda vændi, að þær njóti vinnu sinnar og fagni hverjum viðskiptavini, að þær eigi snurdulaust og faglegt samband við melludólginn sinn. Það er mun auðveldara að henda fram setningum eins og frelsi til að velja og öryggi í starfi en að rannsaka vel og vandlega hvaðan þetta fólk í raun kemur, hvað það er í raun að gera, hver hefur valdið yfir þeim og hverjum vinna þeirra gagnast í raun. Það er auðveldara að láta eins og reynsla for- réttindavændisfólks sé saga meirihluta þeirra sem stunda vændi en að lesa og hlusta á sögur þeirra sem komust við illan leik úr þessum iðnaði, með tættar sálir og vondar minningar. Sum voru seld af fjölskyldu sinni. Mörg voru tæld og þvinguð af ókunnugu fólki sem bauð þeim betra líf í nýju landi. Önnur kúguð til að selja sig til að þóknast elskhuga. Mörg í stórkostlegum fjárhagslegum vanda.

Bara ekki barnið mitt

Ótrúlegur fjöldi þessa fólks var og er beitt ofbeldi á einhverju tímabili í lífi sínu, reynsla sem gjarna aftengir þolandann frá líkama sínum. Einhver þeirra eru að berjast við erfiða fíkn. Rasismi, stéttaskipting, kvenhatur lita þennan iðnað. Og kynlífsiðnaðurinn gerir hvað sem er til að slá ryki í augu fólks og viðhalda blekkingarleiknum þar sem hamingjusama hóran er normið, en kúgunin, fíknin og ofbeldið eru frávik. Og það versta er að þetta virkar. Fólk étur þetta upp í einfeltningslegri óskhyggju og klappar sér svo á bakið fyrir að vera baráttufólk fyrir frelsi til að velja. Þessu sama fólki þætti hins vegar óhugsandi að barnið þeirra stundaði vændi.

Peningar = samþykki

Það er ekki réttur fólks að stunda kynlíf ef enginn er viljugur til að stunda það með þeim. Þessi iðnaður byggist upp á því að halda í hávegum forréttindum karla til að nota líkama kvenna að vild. Það yfir undir hugmyndir um að fullnægging karla sé mikilvægari en geðheilsa og líkami kvenna. Fyrst þetta er svona mikið val, hvernig stendur á því að það eru alltaf stúlkur og konur með langminnst af valkostum sem enda í þessum iðnaði? Hvers vegna telst eðlilegt að konur í neyð „velji“ að selja líkama sinn til að ná endum saman? Það er ekki talið eðlilegt að karlmaður noti þessa aðferð, jafnvel ekki til að komast úr stórkostlegum fjárhagslegum vanda. Það er aldrei talað um rétt þeirra til að selja sig. Það er einungis talað um konur, því heterónormatívt forréttindakerfi feðraveldisins krefst þess að karlmenn hafi greiddan aðgang að líkama kvenna, en sýkurhúðar það sem „val“, „rétt“, „frelsi“. Það krefst þess að konur veiti þessa þjónustu þar sem það gefur út þau skilaboð að kynlíf sé réttur karla og það sé hlut-



skipti kvenna að veita það, hvort sem þær eru viljugar eða ekki. Fyrir feðraveldinu, fyrir kapitalismanum, fyrir þau sem nýta sér neyð vændisfólks, jafngilda peningar samþykki. Skítt með það hvaða áhrif það hefur á vændisfólkið sjálf eða samfélagið í heild.

Lögleiðing ekki virkað

Lögleiðing vændis hefur ekki virkað. Þýskaland er enn miðstöð vændis, þar sem vinnuveitandi hefur meiri stjórn yfir líkama vændisfólks en þau sjálf og vændisfólk þjáist. Í Ástralíu hefur komið fram að 64% vændiskvenna myndu vilja losna úr vændinu strax, og í Hollandi er sú tala 75%. Af 854 manneskjum í vændi í 9 löndum vildu 89% úr vændi en gátu ekki farið af einni eða annarri ástæðu (val! Frelsi!). Þegar Amnesty International gaf út lögleiðingarskjalið sem var mjög umdeilt í hópum þolenda og innan Amnesty, mótmæltu þolendur vændis kröftuglega. Í mörgum tilvikum hefur komið í ljós að þau sem tala einna hæst um lögleiðingu eru í raun, eða hafa verið, melludólgar sjálf. Fólk sem berst fyrir lögleiðingu hefur jafnvel logið blákalt og fíktað í rannsóknum til að koma málefni sínu á framfæri. Sænska leiðin hefur sannað gildi sitt og réttmæti ítrekað, en enn talar fólk um mýtturnar sem koma beint frá kynlífsiðnaðinum til að þagga niður í þeim sem hafa raunverulega einhverju við umræðuna að bæta. Þessi iðnaður hefur aftur og aftur sýnt og sannað að hann er skaðlegur öllum þeim sem stunda vændi innan hans, en enn er talað um hamingjusömu hórana. Það er nefnilega svo miklu auðveldara.

Hver græðir á kynlífsiðnaðinum?

Hlustum á þolendur vændis. Tökum mark á rannsóknum og hættum að gefa forréttindavændisfólki og melludólgum svona mikið pláss í umræðunni. Fólk í forréttindahópum má ekki einoka umræðuna á meðan það eina sem það hefur til að styðja mál sitt er einstaka vændiskona sem finnst vændi bara alveg æðislegt. Öryggi og réttindi vændiskvenna er nákvæmlega það sem sænska leiðin berst fyrir. Hættum að hugsa um vændi sem eitthvað óumflýjanlegt náttúrulegumál og að eina leiðin til að hjálpa fólkinu sem þjáist vegna vændis sé að lágmarka skaðann sem það verður fyrir. Kynlífsiðnaðurinn veltir milljörðum á ári og græðir gríðarlega á lögleiðingu vændis og þöggun þolenda.

Útrýmum vandamálinu með því að berjast markvisst gegn því, með því að rannsaka það, ræða það og leita lausna, í stað þess að leita leiða til enn frekari normaliseringar.



Hreyfðu við hug og hjarta



Spennandi hjólaferðir við allra hæfi haustið 2014

Perlur Slóveníu – hjólaferð

4. – 11. september 2014

Fararstjórn: Brandur Jón Guðjónsson og Robert Ciglar

Í þessari ferð er farið um nokkra af fegurstu stöðum Slóveníu sem saman undirstrika þá nafngift að landið sé ein af „perlum Evrópu“! Það stafar sérstakri birtu frá ljósum kalksteininum sem Slóvensku Alparnir eru gerðir úr. Þar eru snarbrattir tindar og djúpir dalir með skógi vaxnar hlíðar og blómstrandi engi, og um dalbotnana liðast blátærar ár. Hjólað er ofan frá Ölpum upp um fjöll, inn í fjöll og gegnum fjöll, um fjallaskörð og fallega dali, blómlegar sveitir og meðfram vötnum og ám, alveg niður til strandar Adríahafsins. Og það er sama hvert lítið er, alls staðar er landslagið í fjölbreytni sinni, hrikaleik og fegurð ein samfelld veisla fyrir skynfærin. Hér þarf að passa að hafa nóg af rafhlöðum og minniskortum fyrir myndavélarnar.

Algjört ævintýri!



Króatía hjóla- og skútuferð

11.-21. September

Fararstjórn: Brandur Jón Guðjónsson

Kvarner flóinn í Króatíu er fallegt og sólríkt svæði og þar eru fjölmargar eyjar, hólmar og sker. Farið verður um nokkrar þeirra stærri á reiðhjólum en gíst og snæddir morgun- og kvöldverðir um borð í skútu sem ferjar fólk á milli eyjanna. Að lokinni hverri dagleið er hægt að sitja í sólbæði uppi á þilfari, fá sér sundsprett í blátæru Adríahafinu eða einfaldlega njóta fegurðarinnar allt um kring.

Algjört ævintýri!



Nánari upplýsingar, dagsetningar og fleiri ferðir er að finna inn á www.islandsvinir.is


Hafðu samband og leyfðu okkur að koma þér á óvart!



Viðskiptavinir Íslandsvina njóta sérkjara hjá Fjallakofanum.

Hvaleyrarbraut 35 | 220 Hafnarfirði
Sími 510 9500 | www.islandsvinir.is

Tengdu punktana:



Vandræðalaus viðskipti

Mynta er nútímalegt innheimtukerfi fyrir fyrirtækið þitt. Mynta býður kröfuhöfum upp á fruminnheimtu, milliinnheimtu, löginnheimtu og kröfuvakt. Öll umsjón með þinni innheimtu er á einum stað og allt ferlið er fyrirtækinu þínu að kostnaðarlausu!

Við viljum að þín viðskipti verði vandræðalaus.

www.mynta.is
Sími 569 2000

mynta

Innheimtulausn fyrir
framsækin fyrirtæki



Fjölbreytt mannlíf er oft í miðbæ Reykjavíkur. Þessi lék á saxófón við Bankastræti núll í vikunni og hlaut góðar undirtektir.

Mynd: Kolbeinn Óttarsson Proppé.

Fjölmennningarborg

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar mun sækja um aðild að alþjóðlega verkefninu Fjölmennningarborgir, en Evrópuráðið rekur verkefnið. Borgarráð samþykkti þetta á dögunum, að tillögu Dags B. Eggertssonar, borgarstjóra. Fram kemur á vef borgarinnar að í því sé fólgin stuðningur til að endurskoða stefnumótun yfirvalda út frá sjónarhorni fjölmennningar.

Þátttökurétt í verkefninu hafa einungis borgir með að minnsta kosti 30 þúsund íbúa og þurfa minnst 5%



Frá fjölmennningardegnum.

Mynd: Reykjavíkurborg.

íbúa að vera af erlendum uppruna. Hlutfall íbúa Reykjavíkur með erlent ríkisfang var 8,1% í árslok 2013.

Mannréttindaskrifstofa sækir um

aðild að verkefninu til reynslu til ársins 2016 og að þeim tíma liðnum verður reynslan metin, segir í frétt á vef borgarinnar.

„Ég lifði í menningu sem er hinna“

Ég held að til þess að stunda mannréttindabaráttu þurfum við að eiga okkur samfélag,“ segir Ásta Ósk Hlöðversdóttir verkfræðingur í fyrsta þætti Öfugmæla, hinsegin þáttar á nýstofnaðri sjónvarpsstöð IsTV. Þátturinn var sendur út á fimmtudag, en þá hóf stöðin útsendingar.

Fjallað er um hinsegin menningu og mikilvægi hennar í mannréttindabaráttu og sjálfsmyndapólitik hinsegin fólks. „Ég held að ein sters-

kasta tilfinning mín sem samkynhneigðs manns, framan af ævinni, hafi verið sú að mínum tilfinningum og mínum hugsunum fann ég hvergi stað í þessum heimi. Ég áttaði mig svo, löngu löngu, síðar á því að það er vegna þess að ég lifði í menningu sem er hinna; gagnkynhneigð menning. Hún er normið og þar af leiðandi hefur hún ekkert nafn,“ segir Þorvaldur Kristinsson fyrrverandi formaður Samtakanna '78 í þættinum.

„Það má segja að það hafi verið bókasafn Menntaskólans á Ísafirði þar sem ég tók mín fyrstu skref á leiðinni út úr skápnum,“ er haft eftir Hilmari Magússyni, núverandi formanni Samtakanna '78, um unglingsárin. „Þar fann ég einmitt fréttabréf Samtakanna '78. Ég stal því og fór með það heim af því þess að ég þorði ekki fyrir mitt litla líf að fara að lesa það þarna, í einhverju opinberu rými, ekki séns.“

KICKUP
ENERGY EFFECT

LOKSINS FÁANLEGT
AFTUR Á ÍSLANDI!



VÍTAMÍN OG ORKA Í STAÐ
TÓBAKS OG NIKÓTÍNS

Samkaup Sívald Samkaup Sívald olis nettó

VÍSNASTUND 4. ÞÁTTUR

pest@visir.is



Pétur Stefánsson

Davíð Hjálmar Haraldsson, Akureyri, orti þegar einn leikmanna Argentínu skaddaði hringvöðva í knattspyrnuleik.

Þar líðst ekki linkan og hopið, ekki lagst eða setið og kropsið en hörðustu gumar á HM í sumar rífa á sér endaparmsopið.

Björn Ingólfsson, Grenivík, yrkir af sama tilefni

Það virtist oft vont að stöðv'ann menn vissu þó hvar þeir höfð'ann, en daginn sem hann mætti Hollandi og vann hann reif á sér rassgatsvöðvann.

Davíð Hjálmar Haraldsson yrkir.

Bedína sem bjó á Kít breiða vildi heyið á hesjur, steig í hundaskít og hálsbrotnaði, greyið.

Bjarki Karlsson yrkir á sömu nótum

Tyrfingur í tjóni lenti og týndi síma. Þrýtur sögu. Þó skal ríma: Þetta var á Iwo Jima.

Enn er von!

Hjálmar Freysteinnsson yrkir.

Að finnist loks hið sanna svar sérhver maður vonar, í hlutlausri rannsókn Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar.

Jósefína Dietrich er hefðarlæða sem yrkir stundum á Fésbókina.

Hún er ekki þar hrifin af sumum kveðskap semþar birtist.

Í hund má snúna henda roði – held það tæpast yfa skott – en fylla af leir og fúlu hnoði facebookina er miður gott.

Ármann Þorgrímsson yrkir.

Entist varla orðaforðinn ef ég segði huga minn nú er Hannes Hólmsteinn orðinn helsti sögu skýrandinn.

Kristján Runólfsson í Hveragerði er ekki hrifinn af mannanafnanefnd.

Þessa mannanafnanefnd, má niður leggja á slaginu, illa bólginn, upp er þembd, sem igla á þjóðfélaginu.

Ingólfur Ómar Ármannsson yrkir.

Margt er það sem miður fer meðal íslendinga, En hátt á lofti halda ber hróðri Skagfirðinga.

NÝTT
MAXAM
ENGINEERED IN EUROPE

DEKK FYRIR VINNUVÉLAR

KLETTUR

Klettagörðum 8-10 | 104 Reykjavík | Sími: 590 5100 | www.klettur.is




Veðrið er trunta

... en brakandi góðar kiljur bíða þín!

Byltingarandi!

Meistaraleg flétta með sárum undirtón, saga af styrk mannsandans andspænis kúgun.



EFTIR
HÖFUND
ÚTLAGANS




Mögnuð glæpasaga sem fær hárin til að rísa

Vantar alla spennu í sumarið? Piparkökuhúsið er mögnuð glæpasaga sem rígheldur.



Notaleg sumarlesning

Launfyndin, ljúfsár og óvenjuleg fjölskyldusaga eftir verðlaunahöfundinn Stine Pilgaard.



BAKSÍÐAN



Hafsteinn
Thorarensen

Hamingju-landið

Jæja, þá eru niðurstöður nýjustu hamingjurannsóknna komnar í hús og samkvæmt fréttum eru íbúar Ballarhafs 1, 042 Hvergi, næsthamingjusamastir íbúa Evrópu. Þetta er ágætis stökk frá úrslitum heimsmeistararnótsins í hamingju frá í fyrra þar sem við luntuðumst í níunda sæti fyrir neðan sjö Evrópuríki og eitt Kanada.

Alltaf koma þessar niðurstöður mér jafn mikið á óvart. Sama hvert ég lít eða hvað ég les vellur tuðið úr hverjum munni, af hverjum staf, þras, þus og þref, fýlustertar hvert sem litið er. Ef það eru ekki andstæðingar núverandi ríkisstjórnar að sýta nýjasta axarskaft einhvers ráðherrans eru það stjórnarliðar að úthúða síðustu ríkisstjórn fyrir hennar verstu stjórn frá uppafi vega. Elliðar þessa lands prédika um syndina í Sollinum, efasemdarraddir um verksmiðjulaxeldi segja eldið synda í sjónum, allt er ómögulegt án ESB, allt er ómögulegt í ESB og Framsóknarflokkurinn grætur þegar einhver nefnir hann á nafn. Á stundum virðist angistin svo yfirþyrmandi að jafnvel tíu deilingar af jákvæðu jarmi á Fésinu duga ekki til að aflétta drunganum.

Hvað veldur? Er gleðin talin einhver erfðasynd hér sem aðeins er hægt að viðurkenna í nafnlausum könnunum hjá erlendum skammstöfunum? Eða eru þessar kannanir framkvæmdar klukkan átta á föstudagskvöldum? Ef hér er ekki ástæða til að stofna nefnd um málið, enn eitt púslíð í væntanlegu heimsmeti Sigmundar og félaga í nefndaskipan án atrennu, eða hæfasta fólksins, þá veit ég ekki hvað. Ísland, nefndasta land í heimi! Gleðjumst!



Gakktu alla leið með okkur!



Mojito 24.995,-



Mojito 24.995,-



Mojito 24.995,-



Mojito 24.995,-



Mojito 24.995,-



Mojito 24.995,-



Mojito 24.995,-



Mojito 24.995,-



Mojito 24.995,-



Mojito 32.995,-



Lupo Mid GTX 19.995,-



Shake 15.995,-



Zen Pro 29.995,-



Zen Pro Wm's 29.995,-



Breeze Wm's 33.995,-



Motion GTX Wmn 32.995,-



NangPa-La GTX 37.995,-



NangPa-La GTX Wmn 37.995,-



Kailash GTX 39.995,-



Kailash GTX Wmn 39.995,-



Hekla GTX Wmn 59.995,-



Ladakh GTX 59.995,-



Mythos Pro GTX Wmn 63.995,-



Kinesis Pro GTX 63.995,-



Ígló & Indí

0-12 ára
ÍSLENSK HÖNNUN

- ÍGLÓ&INDÍ VERSLANIR -
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 4 OG KRINGLUNNI
www.igloandindi.com

Við vinnum náið með leiðsögumönnum m.a.



Kringlan 7 | Laugavegur 11 | Reykjavíkurvegur 64 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is

